

Felix - Senda tölvupóst

Einfalt er að senda tölvupóst á einstaklinga beint úr kerfinu. Til að það sé hægt þurfa netfang einstaklinga að vera skráð í kerfið. Netfang og aðrar upplýsingar s.s. símanúmer eru skráð í upplýsingaflipa, sjá kaflan hér á undan.

Ef senda á tölvupóst á einstaklinga farið í þann hóp sem senda á (tré). Hægt er að haka við tiltekna einstaklinga í hóp, eða velja alla (haka fyrir framan [NAFN]) líkt og áður hefur verið útskýrt í kaflanum „Flytja einstaklinga“ hér fyrir í þessu riti. Síðan er valin aðgerðin

SENDA TÖLVUPÓST Á VAL

sem

er neðst á skjá. Við það opnast gluggi og sem hægt er að senda tölvupóst beint úr, eins og sést hér til hliðar.

Sendandi er sá notandi sem skráður er inn í kerfið.

Viðtakendur hér koma e-mail þeirra einstaklinga sem hakað var við.

Titill – „Til meðlima í hópnum.....“ er sá texti sem kemur sjálfkrafa upp. Þessum texta er hægt að breyta að vild.

Texti – Hér er hin eiginlegu skilaboð skráð inn. Að lokum er valið [SENDA] og skilaboðin eru send.

Senda póst úr Felix úr tölvupóstforriti

Í stað þess að rita textann inn í formið sjálfst er hægt senda póstinn beint úr tölvupósti viðkomandi vélar. Þá er linkurinn „**Opna skeyti í póstforriti viðkomandi tölvu**“ notaður. Ef unnið er á makka skal velja (**mac**).

